

Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2022

**Efni: Umsögn Creditinfo Lánstrausts hf. um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga, (mál nr. 227/2022).**

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006 sem birt var á Samráðsgáttinni þann 22. nóvember sl. Félagið fagnar þeim áformum stjórnvalda að kveða á um birtingu hluthafaupplýsinga eins og nánar verður rakið í bréfi þessu.

Með álitni Persónuverndar dags. 16. júní 2021 tók Persónuvernd þá ákvörðun að orðalag í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga fæli ekki í sér nægilega skýra heimild til birtingar lista yfir alla hluthafa félaga á opinberum vef Ríkisskattstjóra. Samkvæmt þessu var þörf á lagabreytingatillögu við ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga á þann hátt að vinnsla upplýsinga um hluthafalista væri heimil og í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Úr þessu er leitast við að bæta með 14. og 15. gr. frumvarpsins sem kveður á um breytingar í samræmi við athugasemdir Persónuverndar.

Ástæða þess að löggjafinn mælti fyrir um gjaldfrjálsa ársreikninga var til að opna á greiðan aðgang almennings að ársreikningum félaga. Ekki verður annað séð en að sá tilgangur hefði sömuleiðis átt að ná til birtingar á hluthafalista, en greiður aðgangur að þeim er til þess fallinn að auka aðhald með rekstri félaga, stuðla að upplýstri umræðu og efla traust almennings á viðskiptalífínu. Slíkt myndi loks stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum og styrkja traust á viðskiptamarkaðnum. Miðlæg birting eykur jafnframt skilvirkni fyrir samfélagið og sparnaðar, í stað þess að þörf væri á að kalla eftir upplýsingunum frá félögunum sjálfum.

Loks er tilkynningarskyldum aðilum skylt að afla og sannreyna upplýsingar um viðskiptamann og raunverulegan eiganda þeirra félaga sem vilja koma í viðskipti með fullnægjandi hætti, samkvæmt lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Erfitt er að uppfylla þessa lagaskyldu fyrir tilkynningarskylda aðila ef upplýsingar úr hluthafalista eru ekki aðgengilegar.

Samkvæmt því sem hér hefur komið fram telur Creditinfo Lánstraust hf. nauðsynlegt að hið fyrirliggjandi frumvarp nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,  
Creditinfo Lánstrausts hf.

